

# Embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur samkvæmt viðauka 2.4 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Ár 2021, föstudaginn 17. desember kl. 09:05, hélt skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 850. embættisafgreiðslufundur sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu skipulagsfulltrúa Borgartúni 12 - 14, 2. hæð, Stardalur.

Fundinn sátu: Björn Axelsson, Borghildur Sölvey Sturludóttir og Helena Stefánsdóttir.

Eftirtaldir embættismenn kynntu mál á fundinum: Ólafur Melsted, Sigríður Lára Gunnarsdóttir, Birkir Ingibjartsson, Sólveig Sigurðardóttir, Hrafnhildur Sverrisdóttir, Hildur Gunnarsdóttir, Ingvar Jón Bates Gíslason, Lilja Grétarsdóttir, Björn Ingi Edvardsson og Brynja Kemp Guðnadóttir.

Ritari var Vigdís Þóra Sigfúsdóttir.

## Þetta gerðist:

- 1. Barðavogur 24, breyting á deiliskipulagi** (01.442) Mál nr. SN210793  
Skjalnr. 14350

Karl Kvaran, Skaftahlíð 38, 105 Reykjavík  
Lilja Rós Óskarsdóttir, Barðavogur 24, 104 Reykjavík  
SP(R)INT STUDIO ehf., Skaftahlíð 38, 105 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 3. desember 2021 var lögð fram umsókn Karls Kvarans dags. 29. nóvember 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Vogahverfis vegna lóðarinnar nr. 24 við Barðavog. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit lóðarinnar, stækkun hússins og aukning á nýtingarhlutfalli, samkvæmt uppdr. SP(R)INT STUDIO ehf. dags. 28. nóvember 2021. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.

*Lögð er fram leiðrétt bókun frá embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa frá 10. desember sl. Rétt bókun er:*

*Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Barðavogi 15, 17, 22 og 26 og Langholtsvegi 139, 141 og 143.*

*Erindið verður grenndarkynnt þegar umsækjandi hefur greitt fyrir grenndarkynningu sbr. 7.6. gr. og 12. gr., sjá gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1472/2020.*
- 2. Hesthál 14, Standur fyrir auglýsingaskilti** (04.321) Mál nr. BN060324  
Skjalnr. 7192

DENGSI ehf., Bolholti 4, 105 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 14. desember 2021 þar sem sótt er um leyfi fyrir uppsetningu auglýsingaskiltis á steyptri undirstöðu á borgarlandi vestanmegin Lönguhlíðar, sunnan við gatnamót að Bólstaðarhlíð.

Erindi fylgir greinargerð hönnunarstjóra um ábyrgðarsvið hönnuða dags. 2. desember 2021.

Gjald kr. 11.200

*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

3. **Hverfisgata 98A, 100 og 100A, breyting á deiliskipulagi** (01.174.1) Mál nr. SN210662  
Skjalnr. 5238  
Hverfisgata 100 ehf., Dugguvogi 42, 104 Reykjavík  
Arkþing - Nordic ehf., Hallarmúla 4, 108 Reykjavík  
Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Helga Mars Hallgrímssonar dags. 21. september 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi reits 1.174.1 vegna lóðanna nr. 98A, 100 og 100A við Hverfisgötu. Breytingin felur í sér að heimilt verður að sameina lóðirnar í eina lóð, setja kvöð um uppbot byggðar í samræmi við fyrri lóðarmörk ásamt kvöð um þrjá innganga. Lyftustokkur og annar tækjabúnaður standi upp fyrir byggingarreit og íbúðum fækkar um tvær. Á lóð nr. 100 verður heimilt að byggja ofan á núverandi byggingu eða rífa hana og byggja nýja ásamt því að byggingarreitur minnkar og verður í samræmi við grunnflöt núverandi byggingar. Byggingarreitur og heimild fyrir kjallara fellur út ásamt því að sér byggingareitur stiga- og lyftuhúss fellur út, samkvæmt uppdr. Arkþing - Nordic ehf. dags. 16. september 2021. Tillagan var grenndarkynnt frá 26. október 2021 til og með 23. nóvember 2021. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Þorlákur Hilmarsson dags. 14. nóvember 2021. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 26. nóvember 2021 og er nú lagt fram að nýju. *Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*
4. **Austurstræti 17, (fsp) breyting á notkun efri hæða hússins og setja flóttastiga og svalir** (01.140.3) Mál nr. SN210798  
Skjalnr. 10361  
Eik fasteignafélag hf., Sóltúni 26, 105 Reykjavík  
Teiknistofan Tröð ehf., Hávallagötu 21, 101 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 10. desember 2021 var lögð fram fyrirspurn Laufeyjar Agnarsdóttir dags. 30. nóvember 2021 um breytingu á notkun efri hæða hússins á lóð nr. 17 við Austurstræti úr skrifstofum í bráðabirgðahúsnæði fyrir Menntaskólann í Reykjavík og setja flóttastiga og svalir á norðurhlíð hússins, samkvæmt uppdr. Teiknistofunnar Traðar ehf. dags. 30. nóvember 2021. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 17. desember 2021. *Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 17. desember 2021 samþykkt.*
5. **Haukahlíð 1, (fsp) lokun undirganga** (01.629.1) Mál nr. SN210688  
Skjalnr. 14173  
Haukahlíð 1, húsfélag, Pósthólf 8940, 128 Reykjavík  
Arkþing - Nordic ehf., Hallarmúla 4, 108 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 10. desember 2021 var lögð fram fyrirspurn Helga Mars Hallgrímssonar dags. 4. október 2021 um að loka undirgöngum að inngarði á lóð nr. 1 við Haukahlíð með glerlokun, samkvæmt uppdr. Arkþing - Nordic ehf. dags. 1. september 2021. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 17. desember 2021. *Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 17. desember 2021 samþykkt.*
6. **Ármúli 13, (fsp) hækkun húss** (01.261.3) Mál nr. SN210760  
Skjalnr. 10405  
T.ark Arkitektar ehf., Hátúni 2B, 105 Reykjavík  
S30 ehf., Síðumúla 30, 108 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 26. nóvember 2021 var lögð fram fyrirspurn Ásgeirs Ásgeirssonar dags. 9. nóvember 2021 um hækkun hússins á lóð nr. 13 við Ármúla um tvær inndregnar hæðir, samkvæmt tillögu T.ark Arkitekta ehf. ódags. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 17. desember 2021. *Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 17. desember 2021 samþykkt.*

7. **Barmahlíð 36, (fsp) breyting á notkun bílskúra** (01.710.1) Mál nr. SN210722 Skjalnr. 11378  
Valdimar Hólm Skarphéðinsson, Barmahlíð 36, 105 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 10. desember 2021 var lögð fram fyrirspurn Valdimars Hólms Skarphéðinssonar dags. 22. október 2021 um breytingu á notkun bílskúra á lóð nr. 36 við Barmahlíð í íbúðir, samkvæmt skissum á byggingarnefndarteikningu. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 17. desember 2021.  
*Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 17. desember 2021.*
8. **Grensásvegur 1, breyting á skilmálum deiliskipulags** (01.460.0) Mál nr. SN210806 Skjalnr. 5328  
Fasteignafélagið G1 ehf., Hlíðasmára 17, 201 Kópavogur  
Batteríið Arkitektar ehf., Hvaleyrarbraut 32, 220 Hafnarfjörður  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 3. desember 2021 var lögð fram umsókn Sigurðar Einarssonar dags. 2. desember 2021 varðandi breytingu á skilmálum deiliskipulags "Skeifan - Fenin" vegna lóðarinnar nr. 1 við Grensásveg. Breytingin felur í sér tillögu að breyttum texta í skilmálum í kafla 2.4, en bætt er við svohljóðandi setningu: „Matshluta 05, bílageymslu verði gagnkvæmt haldið utan allra rekstrar- og viðhaldsákvæða heildarhúss eins og það er skilgreint á hverjum tíma“, samkvæmt tillögu Batterísins Arkitekta ehf. dags. 1. desember 2021. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt tölvupósti Jóns Þórs Hjaltasonar dags. 15. desember 2021 þar sem umsókn er dregin til baka.  
*Umsókn er dregin til baka sbr. tölvupóstur Jóns Þórs Hjaltasonar, dags. 15. desember 2021.*
9. **Grensásvegur 8 og Eirhöfði 13 og 15, starfsemi Ísteka ehf.** (01.295.3) Mál nr. SN210293 Skjalnr. 5156  
Umhverfisstofnun, Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 16. apríl 2021 var lagt fram erindi Umhverfisstofnunar dags. 14. apríl 2021 um hvort starfsemi Ísteka ehf. að Grensásvegi 8 og Eirhöfða 13 og 15 samræmist skipulagi. Einnig er lögð fram tilkynning Ísteka ehf. til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu dags. 23. mars 2021. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 7. maí 2021. Lagt fram að nýju ásamt bréfi Umhverfisstofnunar dags. 15. desember 2021 þar sem óskað er eftir ítarlegri skýringum.  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
10. **Leiðhamrar 15, Lækka botnplötu kjallara** (02.292.006) Mál nr. BN060326 Skjalnr. 14397  
Guðmundur Þór Jóhannsson, Leiðhamrar 15, 112 Reykjavík  
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 14. desember 2021 þar sem sótt er um leyfi til að lækka gólf kjallara og innréttu þar tómsundarými í einbýlishúsi á lóð nr. 15 við Leiðhamra.  
Lögð er fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 29. janúar 2021.  
Stækkun: 100,3 ferm., 329,4 rúmm. Eftir stækkun: 307,8 ferm., 1.048,1 rúmm. Gjald kr. 12.100  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

11. **Nýlendugata 21 og 21A, breyting á deiliskipulagi** (01.131.2) Mál nr. SN210812  
Skjalnr. 14457  
VA arkitektar ehf., Laugavegi 26, 101 Reykjavík  
Lögð fram umsókn Richards Ólafs Briem dags. 10. desember 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Nýlendreits vegna lóðanna nr. 21 og 21A við Nýlendugötu. Í breytingunni felst m.a. sameining lóðanna, stækkun og hækkun húsanna og að heimilt verði að gera sex íbúðir af mismunandi stærðum á lóðinni, samkvæmt deiliskipulags- og skýringaruppr. VA arkitekta ehf. dags. 11. desember 2021.  
*Vísad til meðferðar hjá verkefnisstjóra.*
12. **Skipholt 1, Fjölbýlishús** (01.241.206) Mál nr. BN059412  
Skjalnr. 13462  
Skiptolt ehf., Höfðabakka 3, 110 Reykjavík  
Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 19. október 2021 þar sem sótt er um leyfi til að hækka um eina hæð og innrétta 34 íbúðir, byggja svalir á götuhlið og svalagang á garðhlið, gera sameiginlegar þaksvalir og garð á baklód húss á lóð nr. 1 við Skipholt. Erindi var grenndarkynnt frá 15. nóvember 2021 til og með 13. desember 2021. Engar athugasemdir bárust.  
Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 25. maí 2021, greinargerð Lotu vegna burðarvirkis ódagsett ásamt því að lögð er fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. mars 2021. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 16. júlí 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. júlí 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 19. júlí 2021. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 3. september 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. september 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 6. september 2021. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 15. september 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. september 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 15. september 2021. Stækkun: xx ferm. Eftir stækkun: 3.501 ferm., 10.479,8 rúmm. B-rými: 375,5 ferm. Gjald kr. 12.100  
*Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.*  
*Vísad til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa.*
13. **Bláskógar 1, (fsp) fjölgun bílastæða á lóð** (04.941.1) Mál nr. SN210808  
Skjalnr. 14589  
Sigurður Hermannsson, Fiskavísl 1, 110 Reykjavík  
Lögð fram fyrirspurn Sigurðar Hermannssonar dags. 2. desember 2021 um að fjölgun bílastæða um eitt á suðvesturhluta lóðarinnar nr. 1 við Bláskóga lóð, samkvæmt skissu á byggingarnefndarteikningu.  
*Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.*
14. **Urðarbrunnur 16, Einbýlishús** (50.562.05) Mál nr. BN060318  
Skjalnr. 14296  
Arnar Þór Ragnarsson, Fífuvellir 28, 221 Hafnarfjörður  
Þuríður Snorradóttir, Fífuvellir 28, 221 Hafnarfjörður  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 10. desember 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 7. desember 2021 þar sem sótt er um leyfi til að byggja tvílyft staðsteypt einbýlishús með innbyggðum bílskúr á lóð nr. 16 við Urðarbrunn. Erindinu var vísad til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 17. desember 2021.  
Erindi fylgir samþykki eigenda aðliggjandi lóða, nr. 14 og 18 vegna frágangs á lóðarmörkum ódagsett á A3 teikningu. Stærð: 251,2 ferm., 825,2 rúmm. Gjald kr. 12.100  
*Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 17. desember 2021.*

15. **Bakkastígur 8, Mýrargata 23 -** (01.131.018) Mál nr. BN060332  
*Safnaðarheimi* Skjalnr. 14591  
Söfnuður Moskvu-Patríarkatsins, Öldugötu 44, 101 Reykjavík  
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 14. desember 2021 þar sem sótt er um leyfi til að byggja safnaðarheimili á tveimur hæðum auk kjallara, helsta burðarvirki, þ.e. undirstöður, botnplata, milliplate og útveggir er staðsteypt, en í þaki er stálbiti og sperrur, í kjallara eru stoðrými, hol og undirgöng yfir í kirkju, á jarðhæð eru salerni, kaffitería og íbúð, á annarri hæð er salur og herbergi, mestur fjöldi í sal er 72 manns í húsi á lóð nr. 8 við Bakkastíg.  
Stækkun er: 347,5 ferm., 1.544,4 rúmm. Erindi fylgir greinargerð hljóðvistar dags. 2. desember 2021, afrit lóðaruppdrátt dags. 6. október 2021 og afrit hæðarblaðs ódagsett. Gjald kr.12.100  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
16. **Hverfisgata 46, breyting á skilmálum** (01.172.0) Mál nr. SN200262  
*deiliskipulags* Skjalnr. 8146  
Þingvangur ehf., Smiðsbúð 7, 210 Garðabær  
Lögð fram umsókn Þingvangs ehf. dags. 30. apríl 2020 varðandi breytingu á skilmálum deiliskipulags Brynjureits vegna lóðarinnar nr. 46 við Hverfisgötu. Í breytingunni felst að breytt er texta í 14. málsgrein í kaflanum "Sér ákvæði fyrir einstök hús" þannig að bætt er í textann að heimilt verður að vera með gístiaðstöðu á fyrstu hæð hússins við Hverfisgötu og atvinnustarfsemi og gístiaðstöðu á efri hæðum, samkvæmt tillögu Urban arkitekta ehf. dags. 22. apríl 2020. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. maí 2020  
*Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Hverfisgötu 40, 40A, 40B, 42, 42A, 44, 44A, 44B og 50, Vatnsstíg 3, 3B og 5 og Laugavegi 27, 29 og 31*
17. **Langholtsvegur 169, Langholtsvegur 169A -** (14.700.04) Mál nr. BN060320  
*Viðbygging* Skjalnr. 13994  
Snorri Petersen, Langholtsvegur 169A, 104 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 10. desember 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 7. desember 2021 þar sem sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu við 1. hæð, byggja saunaklefa og garðskýli, koma fyrir setlaug á lóð ásamt því að gerð er grein fyrir áður gerðum kjallara undir parhúsi nr. 169A á lóð nr. 169 við Langholtsveg. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 17. desember 2021.  
Áður gerð stækkun kjallara, A rými: ferm., rúmm. Viðbygging, mhl. 02, A rými: ferm., rúmm. Sauna, mhl. 03, A rými: 6,4 ferm., 14,5 rúmm. Garðskúr, mhl. 04, A rými: 14,9 ferm., 40,7 rúmm. Samtals stækkun: ferm., rúmm. Gjald kr. 12.100  
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 17. desember 2021 samþykkt.*
18. **Viðarrimi 25, (fsp) stækkun á byggingarreit** (02.528.7) Mál nr. SN210811  
Skjalnr. 14259  
Jón Guðmundsson, Lágaleiti 13, 103 Reykjavík  
Pétur Sigurbjörn Pétursson, Viðarrimi 25, 112 Reykjavík  
Lögð fram fyrirspurn Jóns Guðmundssonar dags. 9. desember 2021 ásamt bréfi dags. 8. desember 2021 um stækkun á byggingarreit lóðarinnar nr. 25 við Viðarrimi til vesturs, samkvæmt upprætti/grunnmynd Jóns Guðmundssonar arkitekts dags. 31. maí 2020, br. 2. desember 2021.  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

19. **Barmahlíð 29, (fsp) - Ofanábygging** (01.702.020) Mál nr. BN060336  
Skjalnr. 14593  
Ásta Sigríður Kristjánsdóttir, Barmahlíð 29, 105 Reykjavík  
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 14. desember 2021 þar sem spurt er um álit byggingarfulltrúa á fyrirhugaðri byggingarleyfisumsókn, þar sem sótt yrði um leyfi fyrir að byggja ofan á núverandi hús á lóðum nr. 27 og 29 við Barmahlíð. Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 6. desember 2021 og afrit úrskurðar ÚUA dags. 17. nóvember 2020 sem ekki tengist umræddum lóðum.  
*Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.*
20. **Lindargata 42, 44, 46 og Vatnsstígur 10-12, breyting á deiliskipulag** (01.152.5) Mál nr. SN210410  
Skjalnr. 14487  
Sigurður Hallgrímsson, Stórákur 7, 210 Garðabær  
Félagsstofnun stúdenta, Háskólatorgi Sæmundar, 101 Reykjavík  
Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Sigurðar Hallgrímssonar f.h. Félagsstofnunar stúdenta dags 1. júní 2021, varðandi breytingu á deiliskipulagi reits 1.152.5 vegna lóðanna nr. 42, 44 og 46 við Lindargötu og lóðir nr. 10 og 12 við Vatnsstíg. Í breytingunni felst að heimilt verði að fjarlægja hús á lóð nr. 10 við Vatnsstíg og 44 við Lindargötu, breyta lóðarmörkum lóðanna nr. 12 og 12A við Vatnsstíg, sameina lóðina nr. 44 við Lindargötu við lóðirnar nr. 40, 42 og 46 við Lindargötu, byggja nýtt þriggja hæða hús á lóð nr. 44 við Lindargötu, reisa tveggja hæða hús ásamt risi á lóðunum nr. 12 og 12A við Vatnsstíg, fækka bílastæðum á lóð og gera sameiginlegt útisvæði fyrir stúdenta vestan við jarðhæð lóðar nr. 44 við Lindargötu og flytja núverandi byggingu frá lóð nr. 12 við Vatnsstíg á nýja lóð nr. 10 við Vatnsstíg, samkvæmt uppdr. Arkþing/Nordic dags. 1. júní 2021. Tillagan var auglýst frá 22. október 2021 til og með 3. desember 2021. Engar athugasemdir bárust. Einnig er lögð fram umsögn Veitna dags. 3. desember 2021.  
*Vísad til meðferðar hjá verkefnisstjóra.*
21. **Nýlendugata 24, breyting á deiliskipulagi** (01.131.1) Mál nr. SN210818  
Skjalnr. 12255  
Þórhallur Gunnarsson, Nýlendugata 24, 101 Reykjavík  
P ARK teiknistofa sf, Laugavegi 59, 101 Reykjavík  
Lögð fram umsókn Páls V. Bjarnasonar dags. 15. desember 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Nýlendureits vegna lóðarinnar nr. 24 við Nýlendugötu. Í breytingunni felst að heimilt er að stækka og breyta byggingarreit hússins, samkvæmt uppdr. P ARK teiknistofu dags. 15. desember 2021.  
*Vísad til meðferðar hjá verkefnisstjóra.*
22. **Túngata 36A, Síkka glugga - hurð norðurhlið - 1.hæð og bílastæði** (01.137.310) Mál nr. BN060325  
Skjalnr. 14592  
Halldór Zoéga, Túngata 36A, 101 Reykjavík  
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 14. desember 2021 þar sem sótt er um leyfi fyrir áður gerðum framkvæmdum sem eru þær að gluggi á norðurhlið hefur verið síkkaður og sett hurð og garðveggur hefur verið tekinn að hluta til að koma fyrir bílastæði auk þess sem sótt er um að gera svalir/pall með tröppum niður í garð, á lóð nr. 36 a við Túngötu.  
Bréf hönnuðar dags. dags. 21. apríl 2021 fylgir. Gjald kr. 12.100  
*Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.*

23. **Vitastígur 9 og 9A, breyting á skilmálum** (01.174.0) Mál nr. SN210809  
*deiliskipulags* Skjalnr. 14025  
Rauðsvík ehf., Skúlagötu 30, 101 Reykjavík  
Batteríð Arkitektar ehf., Hvaleyrarbraut 32, 220 Hafnarfjörður  
Lögð fram umsókn Sigurðar Einarssonar dags. 8. desember 2021 varðandi breytingu á skilmálum deiliskipulags reits 1.174.0 vegna lóðanna nr. 9 og 9A við Vitastíg. Í breytingunni felst niðurrif húsanna og enduruppbygging ásamt hækkun á nýtingarhlutfalli og byggingarmagni lóðanna, samkvæmt uppdr. Batterísins Arkitekta ehf.dags. 1. desember 2021. Einnig er lögð fram umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 15. nóvember 2021.  
*Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.*
24. **Borgarlína - Steinahlíð að Katrínartúni,** Mál nr. SN210755  
*skipulagslýsing* Skjalnr. 13771  
Egill Jóhann Ingvason, Laugavegur 27A, 101 Reykjavík  
Að lokinni kynningu er lögð fram að nýju skipulagslýsing fyrir borgarlínu frá Steinahlíð að Katrínartúni. Í lýsingunni felast megin áherslur/atriði í gerð deiliskipulags fyrir göturými borgarlínunnar í samræmi við fyrstu framkvæmdalotu borgarlínunnar. Lýsingin var kynnt frá 22. nóvember til 15. desember 2021. Eftirtaldir sendu athugasemdir/ábendingu/umsögn: Gísli Vilhjálmsson f.h. Kjálka ehf. dags. 9. desember 2021, Egill Jóhann Ingvason og Jón Guðmundsson dags. 14. desember 2021, Fortis lögmannsstofa f.h. eiganda Suðurlandsbrautar 26 dags. 15. desember 2021, Bjarni Pálsson f.h. Mænir Reykjavík ehf. dags. 15. desember 2021 og Bjarni Pálsson f.h. LHF ehf. dags. 15. desember 2021. Einnig er lögð fram umsögn stjórnar íbúasamtaka Laugardals dags. 15. desember 2021, umsögn Veitna dags. 15. desember 2021 og umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 17. desember 2021.  
*Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.*
25. **Almannadalur 17-23, 19 - Svalir** (58.653.01) Mál nr. BN058912  
Skjalnr. 12304  
Kristín Brynjólfssdóttir, Syðri-Vík, 691  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 10. desember 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 7. desember 2021 þar sem sótt er um leyfi til að breyta erindi, BN036042, þannig að svalir eru lengdar og dýpkaðar á suðurgafli á hestúsi nr. 19 á lóð nr. 17-21 í Almannadal. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 26. mars 2021 fylgir erindi, ásamt bréfi skipulagsfulltrúa dags. 29. mars 2021.  
Erindi fylgir samþykki sumra meðeigenda lóð á teikningu og bréf frá umboðsmanni eiganda rýmis 0103. Bréf frá Hannesi Einarssyni þar sem hann dregur til baka samþykki sitt. dags. 8. desember 2021. Gjald kr. 12.100  
*Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.*
26. **Austurheiðar - Trippadalur,** (04.4) Mál nr. SN210817  
*framkvæmdaleyfi* Skjalnr. 10771  
Dagný Land Design ehf., Keilufelli 43, 111 Reykjavík  
Hestamannafélagið Fákur, Brekknaás 5, 110 Reykjavík  
Lögð fram umsókn Dagnýjar Bjarnadóttur dags. 14. desember 2021 um framkvæmdaleyfi vegna lagningu tveggja nýrra reiðleiðatenginga í Trippadal í samræmi við rammaskipulag Austurheiða, samkvæmt uppdr. Dagný Land Design ehf. dags. 22. október 2021. Einnig er lögð fram umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 1. desember 2021. Jafnframt er lögð er fram umsögn skipulagsfulltrúa 17. desember 2021.

*Samþykkt að gefa út framkvæmdaleyfi með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 17. desember 2021. Vísað til skrifstofu sviðsstjóra til útgáfu framkvæmdaleyfis. Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis skv. gr. 5.2 í gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1472/2020.*

27. **Jöfursbás 1 og 3 og Þengilsbás 2, 4, 6 og 8,** Mál nr. SN210815  
(fsp) breyting á deiliskipulagi Skjalnr.  
GF 1 ehf., Katrínartúni 2, 105 Reykjavík  
Lögð fram fyrirspurn GF 1 ehf. dags. 13. desember 2021 ásamt bréfi Spildu f.h. lóðarhafa GF 1 ehf. og GF 2 ehf. dags. 16. desember 2021 um breytingu á deiliskipulagi Gufuness, áfanga 1, vegna lóða á svæðum A og C skv. gildandi deiliskipulagi, nánar til tekið lóða nr. 1 og 3 við Jöfursbás og 2, 4, 6 og 8 við Þengilsbás, sem felast m.a. í breytingu á notkun lóðanna með aukningu íbúðarhúsnæðis á kostnað atvinnuhúsnæðis, breyttri lögun á byggingareitum, gerð almenningstorga, auknu byggingarmagni o.fl. Útgangspunktur breytingar á skipulagi er vinningstillaga í hugmyndaleit sem lóðarhafi efndi til vorið 2021 í samstarfi við AÍ  
*Vísað til meðferðar verkefnisstjóra.*
28. **Austurberg 5, Mhl.07 - Sorp/hjólageymsla** (46.637.01) Mál nr. BN060019  
**Verkb. nr. 57469-46** Skjalnr. 7705  
Ríkiseignir, Borgartúni 7a, 105 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 3. desember 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 30. nóvember 2021 þar sem sótt er um leyfi til þess að byggja steinsteypta óeinangraða byggingu á einni hæð, mhl.07, fyrir sorp- og hjólageymslur við austurhlið Fjölbautarskólans í Breiðholti, mhl.05, á lóð nr. 5 við. Erindið er nú lagt fram að nýju.  
Stærð mhl.07: 105.8 ferm., 328.1 rúmm. Erindi fylgja bréf frá hönnuði dags. 18. nóvember 2021 og 4. október 2021. Gjald kr. 12.100  
*Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.*
29. **Brúnastekkur 8, (fsp) stækkun bílskúrs** (04.615) Mál nr. SN210802  
Ydda arkitektar ehf., Pósthólf 462, 107 Reykjavík Skjalnr. 14426  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 3. desember 2021 var lögð fram fyrirspurn Hildar Ýrar Ottósdóttur dags. 17. nóvember 2021 um stækkun á bílskúr á lóð nr. 8 við Brúnastekki, samkvæmt uppdr. Ydda arkitekta ehf. dags. 16. nóvember 2021. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 17. desember 2021.  
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 17. desember 2021 samþykkt.*

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14:15.

Björn Axelsson

Borghildur Sölvey Sturludóttir

Helena Stefánsdóttir